



1, 9.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Ágúst 1906.

Þakklátsemi.

Það er bæði fallegt og gott að vera þakklátur. Þakklátan man er skemtilegra að horfa á og umgangast en vanþakklátan man. Og þakklátum manni líður miklu betur en vanþakklátum. Honum verður líka betra af öllu. Þeim, sem t. d. þiggur matinn sinn með þakklæti, verður miklu betra af honum en hinum. Þakklátsemin er ágætt meðal til heilsubótar, bæði líkamlega og andlega. Vanþakklætið og óánægjan og ólundin er skaðleg fyrir hvorttveggja.

Það er margt, sem ætti að gera okkur þakklát. En við verðum það ekki nema við *temjum* okkur það—hreint og beint *lærum* að vera þakklát. Þurfum að læra það á barnsaldri. Byrja undir eins í barnæsku á því að temja okkur það. Og eiga hinir fullorðnu að hafa það fyrir börnunum—sýna þeim, að þeir hafi lært þakklátsemina og temji sér hana.

Eg ætla að segja ykkur ofur litla sögu af

ÞAKKLÁTUM ÍRA.

Það var verið að safna meðal almennings á Írlandi samskotum fagnaðarerindinu til útbreiðslu eða til kristilegs missiönarstarfs. Þá kom fátækur Íri nokkur og lagði fram stóran skerf til fyrirtækisins. Ástæður hans voru kunnar, og var reynt að telja hann af því að gefa svona mikið. En hann svaraði: „Takið þið hiklaust við því. Því fagnaðarerindi drottins á


eg að þakka alt, sem eg á, bæði nægilegt daglegt brauð og vissuna um eilífa sælu á himnum.“ Gjöfin hans var þá þegin. Og hinn þakkláti Íri varð ekkert fátækari fyrir; því guð blessar g'aðan gjafara.

Þessi maður var þakklátur fyrir guðs orð. Og vegna þess þakkaði hann líka fyrir alt, sem guð gaf honum. Hann kunni að meta guðs orð. Og hann kunni að meta það svo mikils, að hann þakkaði því alt lán sitt.

Við þökkum ekkert, sem við kunnum ekki að meta. Og ef við kunnum ekki að meta guðs orð, þá þökkum við ekki fyrir það.

Ætli við séum þakklát fyrir guðs orð? Ætli guð sjái það? Það er svo mikið undir því komið, hvað guð sér. Og ætli nokkurt ykkar, börn, sé byrjað á því að þakka guði fyrir orðið hans? Eg trúi ekki öðru en að þið séuð farin að þakka guði fyrir sitt hvað.


Eg bið guð að kenna ykkur að vera þakklát.



Tveir dollarar handa Jesú.

Índíani nokkur kom með tvo dollara til trúboðans og sagði: „Einn dollar gjöf frá mér handa Jesú, og einn dollar gjöf frá konunni minni.“

Hann var spurður að því, hvort þetta væri aleiga hans. Og hann játaði því. Trúboðinn ætlaði að fara að segja við hann, að þetta væri of mikið. Þá hvíslaði að honum indíanskur prestur, sem stóð rétt hjá: „Það gæti verið of mikið fyrir hvítan mann að gefa, en ekki of mikið fyrir Indiana, sem hefur nú þetta árið heyrt í fyrsta sinni um Jesúm.“



Kirkjuþing.

II.

Eg var að tala við ykkur ofur lítið um kirkjuþing síðast. Eg mintist þá á eitt stórmál kirkjufélagsins: *skólamálið*. Og var að sýna ykkur fram á, hvað mikilsvert það væri. Og að þið þyrftuð að læra að hugsa um það og láta ykkur þykja vænt um það. En svo er annað mál, sem er *stórmál* kirkjufélagsins, og er áhugamál hvers kirkjuþings. Það mál er *missíonarmálið*.

Eg gat þess að eins síðast, að það væri annað aðalmál kirkjufélagsins. Um það þurfið þið að læra að hugsa líka. Mörg ykkar eru sjálfsagt farin að hugsa um það, og hafa gefið nokkur cent því máli til stuðnings. Enginn gefur til fyr-

irtækis, nema honum sé farið að þykja eitthvað vænt um það. Og ef þið gefið þó ekki sé nema fáein cent til missíónarinnar, þá synir það, að ykkur þykir ögn vænt um hana. Og guði þykir vænt um það, þegar ykkur er farið að þykja vænt um mál-efni hans og þið viljið vera með í að hjálpa því áfram.

Missíónar-mál kirkjufélagsins er tvennskona. Það er *heima-missíón* og *heiðingja-missíón*. *Heima-missíón* er það verk kirkjufélagsins, að sjá um að prestlausu söfnuðurnir fái að heyra prédikan guðs orðs og að njóta sakramentanna, skírnarinnar og kvöldmáltíðarinnar. Líka að áminna þá um að færa sér vel í nyt guðs orð. Það þarf hver söfnuður að gera. Enginn söfnuður getur haldið áfram að vera söfnuður, nema hann noti sér guðs orð. Guðs orð er maturinn, sem við kristnir menn eigum að lifa andlega á. Þess vegna er svo nauðsynlegt fyrir okkur að brúka guðs orð.

En svo eru hópar til af löndum okkar hingað og þangað, þar sem enginn söfnuður hefur myndast. Það þarf að vinna að því að söfnuður myndist þar og guðs orð verði haft um hönd. Við Íslendingar megum ekki hætta að vera kristnir; því þá förum við burtu frá guði, og það fer illa fyrir okkur. En við ættum allir að vera kristnir og keppast eftir því að verða æ betur kristnir menn. Þá fer okkur fram. En þá megum við ekki hætta að færa okkur í nyt guðs orð, heldur safnast um það og sakramentin og láta okkur verða matur úr því fyrir sálu okkar, sem guð hefur gefið okkur að lifa á andlega.

Kirkjuþingið er nú líka með missíónarverki sínu að vinna í þessa átt, að hvar sem Íslendingar eru búsettir, þá verði guðs orð haft um hönd hjá þeim og söfnuðir myndaðir. Það vill vinna að því, að allir Íslendingar, að svo miklu leyti sem unt er, verði kristnir menn. Og fyrir ykkur, börn, er þetta verk svo mikilsvert. Þið verðið ekki kristin, ef fullorðna fólkið hættir að vera það. Og þið verðið ekki kristin, ef þið uppfærðist ekki í guðs orði. Svo ykkur á öllum að þykja vænt um þetta starf kirkjufélagsins. Og þið eigið að sýna það í verkinu. Og þið getið sýnt það í verkinu á þann hátt, sem eg gat um áðan að sum ykkar gerðu—leggja fáein cent til og hjálpa með þeim þessu verki. Og muna, að þið eruð þá að hjálpa áfram verki guðs.

Um hinn þátt missíónarstarfsins, heiðingja-missíónina, skal eg tala við ykkur seinna, börn.

Myndir.

Kæru börn! Eg ætla í þetta sinn að tala við ykkur um

myndir. Eg veit ykkur þykir gaman að fallegum myndum. Þið hafið líka gaman af því að láta taka af ykkur myndir. Og þegar þið látið taka af ykkur mynd, viljið þið vera í fallegu fótunum ykkar, og þá viljið þið vera hrein og vel greidd og falleg sjálf, svo að myndin af ykkur geti orðið falleg. Þið grettið ykkur þá ekki og skælið í framan. Ef þið gerðuð það, vissuð þið, að myndin af ykkur yrði ljót, og það viljið þið ekki. Þið viljið ekki láta taka af ykkur ljóta mynd. Þið viljið ekki eiga og ekki gefa öðrum ljóta mynd af ykkur.

Þið hafið sum líka gaman af að draga myndir og taka myndir af öðrum. En hefur ykkur þá dottið það í hug, að þið eruð alt af að láta taka af ykkur myndir, og alt af eruð þið að taka myndir af öðrum.

Viltu horfa svo litla stund inn í augað á honum litla bróður þínum, eða henni litlu systur þinni, barnið mitt? Koma nær og horfa stöðugt? Og hvað sérðu þá í augum hans, eða hennar? Sérðu ekki svo litla mynd af sjálfum þér? Jú, þú sér það. Augað er svo lítil myndavél, sem tekur mynd af öllu, sem það sér. Og þegar þú manst eftir að hafa séð eitthvað, geymir hugur þinn myndina, sem auga þitt tók af því, sem þú sást. Og augað er líka góð myndavél, sem tekur myndirnar alveg eins og hluturinn er, sem það sér; og hugurinn geymir myndina alveg eins og augað tekur hana, eins og myndaspjald.

Þegar þið eruð góð, — gerið það, sem er gott og guði þóknanlegt,—þá tekur augað, sem sér ykkur, fallega mynd af ykkur, og myndin af ykkur verður þá falleg eins fyrir það, þó þið þá séuð í hverndagsfötunum ykkar. En þegar þið eruð vond,—gerið það, sem guð vill ekki,—þá verður myndin, sem augað tekur af ykkur, ljót. Og það er sama, þó þið séuð í bestu fötunum ykkar. Þið vilduð ekki eiga aðra eins mynd af ykkur og ekki heldur gefa neinum hana.

En nú eruð þið alt af að taka myndir af öðrum. Og þið eruð alt af gefa öðrum myndir af ykkur.

Þið vitið sjálf, að það eru ekki alt af fallegar myndir. Og stundum finnið þið svo vel til þess, að þið farið í felur, svo að enginn sjái til ykkar, þegar þið ætlið að gera eitthvað, sem er ljótt. — Það gerir nú fullorðna fólkið líka. — Því þá vill enginn láta taka mynd af sér.

En guð tekur nú samt allar myndirnar af okkur, — fallegu myndirnar, þegar við erum honum hlýðin og gerum það, sem er gott, þó við séum í hverndagsfötunum, og ljótu myndirnar, andstyggilegu myndirnar af okkur, þegar við erum að gera það, sem er ljótt, það sem hann hefur bannað okkur, þó við

séum að reyna að fela okkur, fyrir mönnunum, því við getum ekki falið okkur fyrir honum. Og þær myndirnar af okkur eru ljótar, þó við séum þá í sparifötunum. Það gildir einu, hvað vel við erum búin.

Og guð geymir allar myndirnar af lífi okkar í *lífsins bókinni* sinni eins og á myndaspjaldi.

Það gildir þá ekki einu, hvernig þið látið, litlu börnin mín. Nei, lífið ykkar er alt komið undir því, að þið látið ekki illa, svo þið gefið ekki af ykkur ljótar myndir.

Og um fram alt megið þið ekki láta illa á sunundagsskólanum. Þið gerið það nú heldur ekki mörg. Eg hef nú samt séð einstaka barn gera það. Og eg reyni að gleyma því, þegar eg sé það. Mér þykir vænt um litlu börnin, og eg vil helst geyma í huganum fallegu myndina af þeim, og eg geymi fjölda af fallegum myndum af góðum börnum í huganum. En það er ekki æfinlega hægt að gleyma ljótu myndunum, sem börnin gefa af sér, þegar þau láta illa, eins og myndinni af litla drengnum á sunnudagsskólanum, er sneri sér við, þegar hin litlu börnin voru að syngja, og fór að gretta sig og skæla framan í þau. Þá gaf hann af sér ljóta mynd. Og það er þó fallegur drengur, nema þegar hann lætur illa.

Eg veit ykkur þykir myndin á fyrstu blaðsíðunni á „Börnunum“ falleg. Það er myndin af Jesú, þegar hann var 12 ára drengur. Hann lét aldrei illa, og gaf aldrei ljóta mynd af sér. Þess vegna hefur guð gefið mönnunum hann bæði fyrir frelsara og fyrirmynd, til þess að þeir gætu líkst honum. Og ef þið viljið biðja Jesúm um það, þá þurkar hann ut allar ljótu myndirnar af ykkur, og hjálpar ykkur til þess að láta fallegu myndirnar af ykkur verða fallegri og fallegri.

G. P.

Lestur ritningarinnar.

Einhverju sinni var maður einn, en eigi er sagt, hvert nafn hans var. Hann var hægur og blíður í lund, en kona hans var ákaflýnd mjög, og var því lítið samlyndi milli þeirra hjóna. Maðurinn sagði barnakennara einum frá bágingdum sínum. Barnakennarinn spurði hann, hvort nokkur guðsorðabók væri til á heimili hans, og hvort lesið væri í henni. Maðurinn kvað nei við; „eg er hinn eini“—mælti hann,— „sem læs er, og þótt eg vildi lea guðs orð fyrir konu minni, gæti eg ekki fengið hana til að hlýða á; auk þess á eg hvorki ritninguna, né peninga til að kaupa hana.“ Einhver var svo kristilega skapi farinn, að hann gaf manningnum ritninguna, með því skilyrði, að

hann læsi í henni einn kapitula bæði kvölds og morguns fyrir hyski sínu, og það efndi hann. Konan hlýddi á lesturinn með athygli, og kom manni hennar það mjög á óvart. Sá guð, sem eigi lætur sjálfan sig án vitnisburðar, hreif hjarta hennar með orði sínu, svo að hún sýndi manni sínum virðingu, og kvaðst loksins vilja læra að lesa í heilagri ritningu. Fríður og eining komst á milli þeirra hjóna; þau urðu vel megandi, og börnin nutu kristilegrar uppfræðingar. Maðurinn lék á als oddi af gleði, og konan var innilega þakklát fyrir breytingu þá, er á var orðin, og mælti: „Blessun drottins fluttist í hús mitt sama daginn og maðurinn minn kom með heilaga ritningu.

Þýtt hefur H. Kr. Fr.

Auðmaðurinn og fátæklingurinn.

Auðmaður nokkur af háum stígunum, en trúlítill og lítt guðhræddur, gekk kvöld eitt sér til skemtunar á bugarði sínum. Honum varð gengið fram hjá kofa einum gömlum og nrörlegum; þar bjó fátækur maður, er átti fjölda barna. Auðmaðurinn heyrði, að einhver talaði hátt og skýrt í kofanum. Hann nam staðar og hleraði. Heyrði hann þá, að fátæklingurinn þakkaði drotni fyrir miskunn þá, er hann gæfi honum fæði og klæði. „Hvernig stendur á þessu?“—mælti þá auðmaðurinn; „þessi fátæklingur þakkar drotni fyrir fæði og klæði, og mér dettur það aldrei í hug, og lifi eg þó við allsnægtir.“ Hann blygðaðist sín og skundaði heim; einsetti hann sér þá, að snúa sér til drottins aftur, er hann hafði fyrir látið sökum ástar á gæðum þessa heims, og það efndi hann. Upp frá því þakkaði hann drotni á hverjum degi fyrir velgerðir þær, er drottinn lét honum í skaut falla. Eigi gleymdi hann heldur að gera gott fátæklingi þeim, er hafði verið tilefni til þess að honum snerist þægilegur hugur.

Þýtt af H. Kr. Fr.

Hinn hræddi dómari.

Auðugur gimsteinasali nokkur í Hollandi tók sér einhverju sinni ferð á hendur í erindum sínum, og hafði hann með sér talsverða peninga og ýmsa dýrmæta gimsteina. Á ferð þessari fylgdi honum þjónn einn, er hafði lengi verið hjú hans, og honum var því vel við. Á leiðinni einsetti þjónninn sér að drepa húsbónda sinn, og taka peningana og gimsteinana, því að þá yrði hann alt í einu maður auðugur; og eigi leið heldur á löngu áður en honum gafst færi á að fremja illverkið. Gim-

steinasalinn sté einhverju sinni af hesti sínum; dró þjóinninn þá upp skammyssu eina, og skaut hann í hel, og varpaði síðan líkinu í mógröf eina, er var skamt frá veginum. Síðan hélt hann með féð til Englands og tók sér þar bólfestu í bæ einum. Hann hóf þar verslun, en mjög litla, svo að enginn yrði þess var, að hann væri fjáður. Smátt og smátt jók hann verslun sína, og græddist honum ávalt meira fé. Hann kvongaðist, og gekk að eiga konu af álitlegum ættum, og komst í bæjarstjórnina, og að síðustu kusu bæjarbúar hann fyrir dómara. Þá er laugur tími var liðinn, var illvirki einn leiddur fyrir dóm hans. Eidsvararnir höfðu þegar dæmt illvirkjann sekan, og eigi vantaði annað en að dómurinn væri staðfestur. Dómurinn þagði langa hríð, en alt í einu brá hann lit, skalf allur og titraði, og var nær fallinn í ómegin. Því næst reis hann snögglega upp, gekk út fyrir végrindurnar, og nam staðar hjá hinum ákærða manni, og mælti: „Eidsvarar! Guð er réttlátur dómari; hér leiðir hann fyrir yður enn meiri illvirkja en þessi maður er. Svo er mál vaxið, að fyrir þrjátíu árum myrti eg húsbónda minn og velgjörðamann, er gert hafði mann úr mér. Min stund er komin; samviska mín kvelst óumræðilega. Réttvisinni hlýtur að fullnægja. Kveðið upp að eins dauðadóminn yfir mér.“ Öllum, er við voru staddir, ægði við. Maðurinn var settur í dýflissu, mál hans vandlega rannsakað og ritað um það til Hollands. Allar skýringar, er fengust þaðan, staðfestu ákæru dómans yfir sjálfum sér, og var hann því til dauða dæmdur, og leið hann dauðann með sannri iðrun fyrir glæp sinn.

Þýtt af H. Kr. Fr.

Sögur um dýr.

I.

Vísindamaður nokkur hafði þann óvana, að lesa í bók á kveldum í rúmi sínu, þá er hann var hátaður. Einn vetur var það nokkrum sinnum, að þá er hann vaknaði á morgnana, þóttist hann muna það víst, að hann hefði eigi slökt ljósið kveldinu áður, en þó var ljósið slökt hvern morgun, þar sem það stóð á borðinu við sæng hans, og þó eigi brunnið út.

Í fyrstunni ætlaði hann, að sig mundi rangminna, en svo bar hið sama aftur að nokkra morgna hvern á eftir öðrum, og nú mundi hann það víst, að hann hafði sofnað út frá ljósinu kveldinu áður. Hann tók að velkja þessu fyrir sér, og að síðustu datt honum í hug, að hundur hans kynni að hafa slökkt ljósið; hann lá allajafna á voð einni fyrir framan rúmstokkinn. Hann einsetti sér að grafast fyrir þetta, og næsta kveld las

hann að eins lítið í rúmi sínu, og lét síðan sem hann væri sofn-
aður. Skömmu síðar kom hundurinn að sænginni, einblindi á
hann um stund, og virtist að lita eftir, hvort maðurinn svæfi í
raun og veru. Þá er hann gat eigi séð, að maðurinn bærðist,
stökk hann upp á stól einn, og af stólnum upp á borðið; lagði
síðan aðra framlöppina ofan á ljósið, og þrýsti skarinu niður
í tólginn, svo að ljósið slökknaði; steig síðan með mestu hæð
niður af borðinu aftur, og lagðist þar sem hann var vanur.

—o—
TIL GAMANS.

Vanþakklæti. Önnu litlu fanst það óttalegt. Bróðir henn-
ar, dálítið eldri en hún, var á bata-vegi eftir mislingana. Hann
sat uppi í rúminu sínu og var að borða stórt stykki af sand-
köku. Hún bað hann með tárin í augunum: „Ætlaðu ekki að
gefa henni litlu systur þinni ofur litinn bita með þér?“

„Nei, það geri eg hreint ekki“—sagði Friðrik með mikilli
alvöru. Ætlaði henni að skilja það, að ekki væri til neins fyrir
hana að vonast eftir nokkru. Og hann hélt áfram mjög mak-
ráður að borða kökuna sína, þangað til ekki var bita eftir. En
þá gat Anna ekki stilt sig lengur. Hún kallar grátandi til
mömmu sinnar: „Mamma! er ekki Friðrik andstyggilegur
strákur? Hann er búinn að borða alla kökuna og gaf mér eng-
an bita með sér. Og þó var það eg, sem lét hann fá mis-
lingana.“

Hans litli: „Þú mátt trúá mér, að stóra systir mín tók
málstað þinn í gær við þabba, þegar hann sagði um þig, að þú
værir auli.“

Hr. Pétursson (með miklum áhuga): Hvað sagði systir
þín?“

Hans litli: „Hún sagði, að það ætti aldrei að dæma nokk-
urn mann eftir útliti hans.“

„*Samciningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær
arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily
St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sér-
stök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“:
Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld
fyrir 35 ct.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barn-
anna“.

Address: Samciningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man,
Canada.